

Helstu áherslur í umhverfisstefnu Veritas og dótturfélaga.

VERITAS

Dótturfélögin eru: Artasan, Distica, MEDOR, Stoð og Vistor.

Markmið umhverfisstefnunnar er að valda sem minnstri mengun í umhverfinu og draga úr álagi á það, sem og auðlindir, með því að halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi fyrirtækisins í lágmarki. Sjónarmið umhverfisverndar eru höfð í huga við alla þætti rekstrar og ákvarðanatöku.

Framkvæmdastjórn Veritas samstæðunnar er ábyrg fyrir umhverfisstefnunni. Umhverfisnefnd er starfandi og er hún ábyrg fyrir innleiðingu, framkvæmd og eftirfylgd stefnunnar. Umhverfisstefnan og leiðir til að uppfylla hana eru reglulega kynntar á starfsmannafundum. Starfsmenn Veritas framfylgja umhverfisstefnunni og hafa hana að leiðarljósi í störfum sínum og vinna eftir starfsmarkmiðum hennar.

Meginmarkmið Veritas

- Taka tillit til umhverfismála í allri starfsemi samstæðunnar og vinna í anda sjálfbærrar þróunar.
- Hafa umhverfissjónarmið að leiðarljósi við öflun aðfanga. Umhverfismerktar vörur og þjónusta valin umfram annað.
- Stefna að aukinni hlutdeild pappírslausra viðskipta.
- Auka flokkun á sorpi, stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu.
- Velja sparneytin samgöngutæki og hvetja starfsfólk til hagkvæmni í akstri.
- Hvetja starfsmenn til að nota almenningssamgöngur, göngu, hjól eða annan umhverfisvænan ferðamáta til og frá vinnu.
- Tryggja að orkunotkun sé haldið í lágmarki ogleitast við að draga úr mengun í allri starfsemi.
- Hætta notkun á einnota borðbúnaði.
- Bæta verkferla með aukna hagkvæmni og orkusparnað í huga.
- Kolefnisjafna starfsemina.
- Fylgja lögum og reglugerðum um umhverfismál í hvívetna.
- Vera með stefnu um samfélagslega ábyrgð fyrir árið 2020.

Starfsmarkmið og aðgerðaráætlun

Meginkaflar stefnunnar eru fjórir: Vistvænar samgöngur, umhverfisvæn innkaup, flokkun sorps og bæting verkferla.

A. Vistvænar samgöngur

Meginmarkmið: Velja sparneytin samgöngutæki í eigu samstæðunnar og hvetja starfsfólk til hagkvæmni í akstri og nýta almenningssamgöngur.



B. Umhverfisvæn innkaup

Meginmarkmið: Hafa umhverfissjónarmið að leiðarljósi við öflun aðfanga. Umhverfismerktar vörur og þjónusta valin umfram aðrar eins og kostur er.



C. Flokkun sorps og áhersla á endurnýtingu hráefnis

Meginmarkmið: Auka flokkun á sorpi, stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu hráefna.



D. Bæting verkferla

Meginmarkmið: Bæting verkferla til að auka afköst, draga úr orkunotkun og aðföngum.



Umwervisstefnan er gefin út í mars 2019 og er endurskoðuð árlega af umhverfisnefnd.